

Aldur sláturgripa:

Ábending til kúabænda

Nýleg dæmi hafa sýnt að ástæða er til að minna bændur á að gæta að aldursmörkum nautgripa varðandi kjötmat. Einkum á þetta við um ungneytakjöt, þ.e. af nautum, uxum og kvígum á aldrinum 12-30 mánaða, en einnig um kýr.

Samkvæmt kjötmatsreglugerðinni (nr. 882/2010) flokkast naut og uxor, eldri en 30 mánaða, sem bolakjöt (merktir Vinnslukjöt N) og kvígur sem kýr (KI U: vel holdfylltir skrokkar af 30-48 mánaða gömlum kúm eða í K-flokka eftir holdfyllingu og fitu).

Flokkun nautgripakjöts eftir aldri og kyni er þessi:

- ❑ MK, UK: ungfálfkjöt (yngri en þriggja mán.)
- ❑ AK: alikálfkjöt (þriggja til tólf mánaða)
- ❑ UN: Ungneytakjöt (naut, uxor, kvígur) 12-30 mánaða.
- ❑ N: Bolakjöt (eldri naut og uxor)
- ❑ KI U: ungfálfkjöt, 30-48 mán. (vel holdfylltar)
- ❑ K: kýr, eldri en 30 mán.

Aldur nautgripa er gefinn upp í mánuðum í reglugerðinni og því er miðað við heilan mánuð við að ákvarða aldur. Gripur sem fæðist í maí 2010 telst 24 mánaða til maíloka 2012 og 30 mánaða til nóvemberloka 2012. Frá og með 1. desember 2012 getur hann ekki flokkast sem ungneyti (UN).

Einstaklingsmerking nautgripa hefur í för með sér að aldur sláturgripa liggur ljós fyrir og er ekki lengur matsatriði eftir beinmyndun í brjóska á hátindum brjósthryggjarliða og útliti skrokks að öðru leyti. Óþið aðgengi er á www.huppa.is að grunnupplýsingum, þar á meðal fæðingardegi, um nautgripi eftir einstaklingsnúmerum. Kjötmatsmenn nýta sér það og ber að sjálfsögðu að fara eftir þeirri skráningu. Að sama skapi geta starfsmenn í kjötvinnslum sannreynt aldur sláturgripa við móttöku skrokka.

Þeirri ábendingu er því komið á framfæri við framleiðendur að fylgjast með aldri gripa sinna og áætla sláturtíma í samræmi við ofangreind aldursmörk.

*Stefán Vilhjálmsson,
fagsviðsstjóri kjötmats
hjá Matvælastofnun*